

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

398. fundur

Föstudaginn 27. september 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 08:00. Fundurinn var fjarfundur.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Kristín María Thoroddsen (KMT), Örvar Jóhannsson (ÖJ), Elísabet Berglind Sveinsdóttir (EBS), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG).

Fundinn sátu einnig Sigurborg Þórarinsdóttir (SP), sviðsstjóri mannauðs-og gæðasviðs og Elísa Kristmannsdóttir (EK), fjármálastjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Næturstrætó og yfirferð á innleiðingu EMV
2. Starfsreglur starfskjarnefnd
3. Þjónustumál

Tekið fyrir:

1. Næturstrætó og innleiðing cEMV

Daði Áslaugarson, deildarstjóri upplýsingatæknimála kom inn á fundinn og fór yfir innleiðingu á EMV sem hófst í vikunni á einni leið. Innleiðingin hefur gengið vel og stefnt er að innleiða EMV í alla skanna í október.

Markús Vilhjálmsson, sviðsstjóri sölu-, markaðs-, og þjónustusviðs fór yfir sölutölur í næturstrætó. Lögð var fram tillaga um að gjald í næturstrætó yrði það sama og almennt stakt fargjald.

Þau sveitarfélög sem eru hluti af næturstrætó samþykktu þá tímabundna breytingu á gjaldskrá næturstrætó.

2. Starfsreglur starfskjarnefnd

Farið var yfir vinnu við starfsreglur starfskjarnefndar. Skipuð var nefnd til að móta starfsreglur fyrir starfskjarnefnd, í nefndinni sitja Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE) formaður, Magnús Örn Guðmundsson (MÖG) varaformaður og Örvar Jóhannsson (ÖJ) meðstjórnandi og Sigrún María sem ráðgjafi. Í framhaldinu lagt fyrir stjórn til samþykktar.

3. Þjónustumál

Lagt var til að fara í greiningu á þjónustumálum og endurskoðun þjónustustefnu. Samþykkt var að leita tilboða í verkefnið.

Fundi slitið 9.15

Fylgiskjöl: stjórnarfundur 27. sept – næturstrætó, Strætó_Skúlagata, Tillaga um endurskoðun á þjónustustefnu Strætó bs.

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar B. Eyjólfsson

Elísabet Berglind Sveinsdóttir

Kristín María Thoroddsen

Örvar Jóhannsson

Magnús Örn Guðmundsson